

Nd.

543. Nefndarálit

[176. mál]

um frv. til l. um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar skólanefndar Matsveina- og veitingaþjónaskólans, L. Í. Ú. og Fiskifélags Íslands. Svar barst aðeins frá skólanefndinni.

Iðnaðarnefnd leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Á fiskiskipum, flutningaskipum og farþegaskipum, sem ekki koma til heimahafnar daglega, er skylt að hafa matsveina.

2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi uppfylla annað hvort eftirtalinna skilyrða:

- a. að hafa meistaraéttindi í matreiðslu, hafa starfað sem aðstoðarframreiðslumaður á skipi í sex mánuði og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann;
- b. að hafa meistaraéttindi í framreiðslu, hafa starfað sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipi í sex mánuði og hafa staðizt brytapróf við Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

Alþingi, 20. maí 1958.

Emil Jónsson,
form., frsm.

Ágúst Þorvaldsson,
fundaskr.

Pétur Pétursson.

Angantýr Guðjónsson.

Ingólfur Jónsson.